Fjelagið

# Reglugjörð

fyrir hjúkrunarkonu

# „Hjúkrunarfjelagsins Hlífar"

á

# Akureyri

1. gr.

Hjúkrunarkonan er ráðin af „Hjúkrunarfjelaginu Hlíf" þannig, að hún er starfandi hjá fjelaginu, þangað til hún eða fjelagið segir upp, með þriggja mánaða fyrirvara.

2. gr.

Hjúkrunarnefnd fjelagsins hefir umsjón með starfi hjúkrunarkonunnar og ákveður hvar hún skuli takast hjúkrun á hendur í hvert skifti.

Sjálf má hún ekki ráða sig við hjúkrun meðan hún er í þjónustu fjelagsins. Óski einhver hjúkrunarkonu á heimili sitt, verður hann að snúa sjer til forstöðukonu hjúkrunarnefndarinnar og sýna læknisvottorð fyrir því, að þörf sje á hjúkrunarkonu.

3. gr.

Meðan á hjúkrun stendur er heimilislækninum eini yfirboðari hjúkrunarkonunnar. Er henni skylt að fylgja í öllum greinum fyrirmælum hans, og er frávikning frá þeim nægileg ástæða til fyrirvaralausrar uppsagnar af hálfu fjelagsstjórnar.

Vinnutími hjúkrunarkonu er frá kl. 8 árdegis til kl. 8 síðdegis. Á þeim tíma skal hún þó hafa matfrið 1½ stund. En að öðru leyti má hún ekki víkja úr hjúkrun hinn ákveðna tíma, nema með læknis leyfi.

4. gr.

Störf hjúkrunarkonu eru aðallega að annast sjúklinga, gera hreint í herbergi hans og halda þar öllu þrifalegu. Þar sem lítil fjölskylda er, skal hún hjálpa til með matreiðslu, ef þörf gjörist, og ekki eru aðrir til að inna af hendi.

5. gr.

Í öllu starfi sínu ber hjúkrunarkonunni að auðsýna góðvild og nærgætni; bæði við veika og heilbrigða, á þeim heimilum er hún gegnir hjúkrunarstörfum. Svo er þess og krafist, að hún temji sjer þagmælsku viðvíkjandi ýmsu á heimilunum, er kann fyrir augu að bera eða í eyrum að hljóma, og forðast allan milliburð. Sje út af þessu brugðið, er það nægileg ástæða til fyrirvaralausrar uppsagnar af hálfu fjelagsstjórnar.

6. gr.

Virðist hjúkrunarkonunni einhver sjúklingur, sem hún stundar, hafa ónógt eða ilt viðurværi, skal hún tafarlaust skýra hjúkrunarnefndinni frá því.

7. gr.

Hjúkrunarkonan skal halda dagbók, er sýnir hvar hún hefir verið á hverjum degi.

8. gr.

Þegar hjúkrunarkonan hefir lokið hjúkrun á einhverjum stað, skal hún tilkynna formanni

hjúkrunarnefndar það og leggja fram til áteiknunar dagbók sína áteiknaða af lækni.

## 9. gr.

Fyrir starfa sinn nýtur hjúkrunarkonan þeirra launa, sem um semst með henni og fjelaginu, og skulu þau greiðast henni (með) af fjehirði fjelagsins í endalok hvers mánaðar með 1/12 árslaunanna.

## 10. gr.

Hjúkrunarkonan verður sjálf að sjá sjer fyrir kosti og húsnæði, þó nýtur hún alls viðurgjörnings meðan á hjúkrun stendur, þegar hún gegnir hjúkrunarstörfum á þeim heimilum, sem talin verða á meðal hinna efnaðri.

## 11. gr.

Verði hjúkrunarkonan veik, skal henni borgað kaup ekki lengur en einn mánuð frá því hún hætti að gegna störfum fyrir fjelagið vegna veikinda.

## 12. gr.

Ef hjúkrunarkonan er hjá sjúkling, sem hefir sóttnæma veiki, skal hún sótthreinsast áður en hún fer til næsta sjúklings.